

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 28/2010

frá 12. mars 2010

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 13/2010 frá 29. janúar 2010 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/112/EB frá 25. ágúst 2009 um breytingu á tilskipun ráðsins 91/439/EBE um ökuskírteini ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/113/EB frá 25. ágúst 2009 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/126/EB frá 20. desember 2006 um ökuskírteini ⁽³⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XIII. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 24a (tilskipun ráðsins 91/439/EB):

„– **32009 L 0112:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/112/EB frá 25. ágúst 2009 (Stjtið. ESB L 223, 26.8.2009, bls. 26).“
2. Eftirfarandi bætist við í lið 24f (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/126/EB):

„eins og henni var breytt með:

– **32009 L 0113:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2009/113/EB frá 25. ágúst 2009 (Stjtið. ESB L 223, 26.8.2009, bls. 31).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipana 2009/112/EB og 2009/113/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 101, 22.4.2010, bls. 23, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 19, 22.4.2010, bls. 25.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 223, 26.8.2009, bls. 26.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 223, 26.8.2009, bls. 31.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 13. mars 2010, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 12. mars 2010.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

A. Seatter

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.